

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Þingskjal 1238 — 778. mál.

Umsagnaraðili: Torfi Stefán Jónsson, Reykjavík, 09.05.2019.

Athugasemd við 2. gr:

Við bætis liður D: Menningarminjar: Menningarfyrirbæri/Minjar/menningarlandslag sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda.

Rökstuðningur: Innan þjóðgarða eru heilmargar menningarminjar. Fyrsti þjóðgarður landsins á Þingvöllum var friðaður fyrst og síðast sökum menningarminja.

Athugasemd við 3. gr:

Svæði þarf ekki eingöngu að vera náttúrusvæði, orðalag of takmarkandi. Seinna í setningu er einmitt minnsta á menningarlegt og sögulegt tillit. Fer betra á því að þetta haldist í hendur.

Í sömu grein er skrifað um að vernda byggð í nágrenni þjóðgarðs og landinu öllu. Setning er ómarkviss þar sem bæði er tiltekið.

Í lok þriðju greinar er stefnt að samþykki sveitarstjórnar áður en landsvæði skal friðlýst sem þjóðgarður. Það er mér mjög til efa að fyrstu friðlýsingar, t.d. Þingvellir hefðu nokkurn tímann hlotið brautargengi ef slíkt hefði verið krafan.

Athugasemd við 4. gr, lið 1:

Í fyrstu grein laganna er ritað um náttúru og sögu en hér er menning komin inn. Spurning hvort það sé nóg að segja „menning og náttúra“ (stafrófsröð) eða „náttúra og sögu“. Gott er að samræma texta greina eins og hægt er.

Athugasemd við 4. gr., lið 4:

Það eru aðrar stofnanir mun hæfari til að stuðla að rannsóknum en þjóðgarðastofnun. Hitt væri annað mál að þjóðgarðurinn greiði leið rannsakernda og aðstoði sem kostur er. Það er fremur Háskóla og annara stofnana að framkvæma og stuðla að rannsóknum. Þessi liður má því fara út.

Athugasemd við 5. gr:

Friðhelga landið hefur í gegnum tíðina fyrst og fremst miðast við þinghelgina sem er í reynd mun minni. Finnst alveg í lagi að gera greinarmun þarna á. Jafnvel nóg að byrja setningu á:

"Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum skulu vera:..."

Athugasemd við 5-7 gr:

Afhverju er þessi munur milli greina. Annarsvegar er mörkum þjóðgarðsins á Þingvöllum lýst mjög nákvæmlega en svo kemur einföld setning í 6. og 7. grein. Mun betur færi á samræmi í þessum eignum.

Athugasemd við 8. gr:

Í fyrstu línu er orðalagið „...nema sérstakar aðstæður mæli með...“ óþarfi að hafa „sérstakar“. Nóg er að benda til að þess að aðstæður mæli með að eignarhald þjóðgarðs sé annað en ríkiseign.

Athugasemd við 12. gr:

Ég sé ekki tilganginn með umdæmisráði. Þetta flækir stjórnsýsluna óþarflega. Ekki er komin skýr lýsing á hversu stór umdæmin eru eða hvernig skiptingu þeirra verður ráðið.

Athugasemd við 12. gr, liður 3:

Hér eru bæði Útivistarsamtök og umhverfissamtök en afhverju er þá ekki minjavörður viðkomandi landsvæðis eða fulltrúi hans?

Eða þá einhver áhugafélög um menningu svæðis? Í heild þykir mér öll þessi fulltrúaskipan einkar sérstök og ekki gagnsætt hvernig er valið. Afhverju eiga t.d. Bændasamtök Íslands þarna fulltrúa og hvað þá Samtök ferðaþjónustu. Eiga þjóðgarðar ekki að vera til fyrir staðinn sjálfan?

Athugasemd við 13. gr:

Í línu tvö á eftir „...þessum...“ færi betur á að nota tvípunkt eða semikommu enda hefst þá upptalning.

Athugasemd við 14. gr., lið 1:

Hér vantar ákvæði um menningarminjar þar sem innan þjóðgarða er margar slíkar minjar að finna. Það getur ekki verið eingöngu hlutverk umdæmisráðs að fjalla eingöngu um málefni náttúruverndar.

Athugasemd við 14. gr., lið 2:

á umsjón með stjórnun og verndaráætlun ekki að vera í höndum starfsfólk garðsins?

Athugasemd við 14. gr., lið 3:

Afhverju er eingöngu fjallað um að umdæmisráð gefi umsögn um atvinnustefnu. Fleiri stefnur eða stefnumarkaniir hljóta að liggja innan hvers umdæmisráðs og þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Athugasemd við 14. gr., lið 4:

Er þá eingöngu umdæmisráð hjá Vatnajökulsþjóðgarði en ekki öðrum friðlýstum svæðum/þjóðgördum?

Athugasemd við 15. gr:

Hvernig er sá fulltrúi valinn? Er til sameiginlegur vettvangur umhverfisverndarsamtaka?

Hvað með önnur samtök sem tengjast þá menningarminjum eins og útivistarsamtök, Sögufélagið (félag sagnfræðinga), félag fornleifafræðinga eða annara?

Athugasemd við 16. gr:

Í upptalningu um val í stjórn þjóðgarðsins er ekki minnst á nein samtök sem tengjast menningarminjum eða útivistarsamtökum.

Hvað varðar skipan í stjórn Þingvallabjóðgarðs þá er skipað til fjögurra ára. Mun sú stjórn ekki haldast í hendur við kjörtímabil eins og Þingvallanefnd. Fyrirséð er að þingmenn geti þarna dottið af þingi og þá úr stjórn Þingvallabjóðgarðs, nema þetta haldist í hendur.

Í greininni er lögð til fækkun þingmanna í Þingvallanefnd úr 7 niður í 5. Þegar það var fjölga á sínum tíma átti nefndin að tryggja fulltrúa sem flestra flokka inn í nefndina sem sætu þá í stjórn þessarar sameignar þjóðarinnar. Þetta var sama hugmynd og var lögð fram fyrst við stofnun Þingvalla en varð aldrei að veruleika fyrr en eftir 2007. Eins helst þetta í hendur við aðrar nefndir Alþingis þar sem nefndir spegla meirihluta á þingi. Einkennilegt að breyta þessu síðan í þessu frumvarpi.

Þessi grein er á margan hátt mjög einkennileg og þá ekki síst fyrir að í henni birtist að yfir þjóðgarðinum á Þingvöllum eigi í reynd að vera tvær stjórnir. Annars vegar Þingvallanefnd og hins vegar stjórn þjóðgarðsins sem þó má ekki gera neitt nema með samþykki Þingvallanefndar.

Athugasemd við 17. gr:

Skipan stjórnar vekur á maran hátt nokkra furðu. Þetta fyrirkomulag virðist ekki hafa skilað þeim árangri sem til var ætlast og flækt stjórnýslustig stofnunarinnar. Þá er einnig sérstakt í lið 2 að einblínt er á umhverfisverndarsamtök.

Athugasemd við 20. gr. liður 3:

Verður ársáætlunin ekki unnin af þjóðgarðsverði hvers þjóðgarðs fremur heldur en stjórn hans?

Athugasemd við 21. gr:

Hér kemur upp sú spurning hvort að stjórn þjóðgarðsins gæti aðhafst eða hunsað umsögn eða neitun Þingvallanefndar. Hvað gerist ef báðar þessar stjórnir þjóðgarðsins eru ósammála? Í fjórða lið þessarar lagagreinar kemur fram að afstaða Þingvallanefndar sé bindandi um málefni Þingvalla. Með þessum lið skipta liðir 1-3 líklega ekki máli og er ofaukið.

Lagt til að endurskoða í heild eða fjarlægja liði 1-3.

Athugasemd við 23. gr:

Eftir lestur greinarinnar virðist þjóðgarðsvörður bera ábyrgð á fjárreiðum og reikninshaldi en kemur ekki að rekstraráætlun sem er ákveðin af stjórn skv. 20 gr. Það sama er með stefnumótunina.

Er þetta ekki akkúrat andstæða starfsmannalýðræðis og góðum stjórnarháttum? Fremur ætti að auka aðkomu starfsfólks að lykilákvörðun sem tengjast þeirra nærumhverfi.

Athugasemd við 26. gr:

Stjórnun- og verndaráætlun ber með sér íþyngjandi orðalag í huga mjög margra. Lagt er til að í stað verði notast við orðið "Stefnumótun".

Síðar í greinni er löng upptalning um hvað beri að vera í stjórnunar- og verndaráætlun. Í reynd alltof ítarlegt orðalag sem ætti kannski fremur heima í reglugerð eða kannski má notast við skýrari og hnitmiðaðri texta.

Athugasemd við 27. gr:

1. Verður stjórnun- og verndaráætlun ekki að mestu í höndum þjóðgarðsvarðar og starfsmanna? Eða á stjórn að vinna hana?

2. Er þá umdæmisráð yfir stjórn Þingvalla og verður þá skipurit Þingvalla svona:

Forstjóri þjóðgarðastofnunar

-

Umdæmisráð

-

stjórn Þingvallapjóðgarðs

-

Þingvallanefnd

-

Þjóðgarðsvörður

Er það ekki bara orðið nokkuð mikið af stjórnunarlögum?

3. Á Þingvöllum er ekki notast við orðalagið „stjórnun- og verndaráætlun“ heldur „stefnumótun“

4. Setningin *Stjórn getur lagt til breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun*

án þess að um það berist tillaga frá viðkomandi umdæmisráði. Í þeim tilvikum skal ávallt leita umsagnar viðkomandi umdæmisráðs og eftir atvikum Þingvallanefndar áður en tillagan er

send ráðherra stenst ekki við grein 21 um hlutverk Þingvallanefndar og leita skal samþykkis hennar.

Athugasemd við 28. gr.

Málgrein tvö í 28. grein sýnir svo ekki verður um villst á hvað villgötum þetta frumvarp er þegar kemur að Þingvöllum og stjórn hans. Hér úir og grúir af því að stjórn Þingvalla geri eitt en ávalt skuli leita samþykkis Þingvallanefndar. Þá er lokasetning um að ávalt skuli láta þjóðgarðsvörð vita. Ég ætla að vona að allir framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru séu gerðar með fyrirfram samþykki hans og ráðleggingum enda viðkomandi aðili næstur verkinu.

Athugasemd við 30. gr:

Setningin: „...og á annan áberandi hátt í dagblöðum og á vefsíðu viðkomandi þjóðgarðs“ er úrelt. Mælt er með: og á annan áberandi hátt í fjölmiðlum og ef við á á vefmiðlum viðkomandi þjóðgarðs.

Athugasemd við 31. gr:

Síðasta setningin gerir starfsfólk að viðbragðsaðilum. Það er vægast sagt varhugavert nema að þjóðgarðastofnun ætli að tryggja viðeigandi þjálfun til alls starfsfólks friðlýstra svæða og þjóðgarða.

Athugasemd við 38. gr:

Í fyrri lagagreinum hingað til hefur oftast verið notast við starfsfólk þjóðgarða. Afhverju er það ekki svo nú, heldur eingöngu minnsta á þjóðgarðsverði og landverði?

Athugasemd við 42. gr:

Afhverju á fjárhæð endurgjalds að ráða úrslitum við ákvörðun um veitingu samninga? Væri það ekki fremur hæfni umsóknarinnar, lágmark kolefnisfótspors eða umhverfisvænsta umsóknin?

Athugasemd við 3. Meginefni frumvarpsins, 3.1.:

Helgistaðurinn er reyndar svona um 5 km² en stærra svæði var tekið undir einmitt með það til hliðsjónar að hafa jaðarsvæði (e. buffer zone) til verndunar ásýndar staðarins.